

Fundur í hverfisráði Raufarhafnar 7 nóvember 2018 kl 15:00

Mættir voru Gísli Þór Briem, Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Lukasz Kozlowski og Nanna Steina Höskuldsdóttir sem ritaði fundargerð.

Kristján Þór Magnússon sveitastjóri kom inná fundinn og fór yfir ýmis mál með ráðinu. Það var gott og ganglegt og vonast hverfisráð eftir því að slíkt spjall verði reglulegt. Kristján yfиргaf fundinn kl 16:15

Lýsing í bænum: Hverfisráð óskar eftir því að lýsing verði bætt í bænum. Sumstaðar þarf bara að skipta um perur, en þrír staðir eru algjörlega óupplýstir og telur hverfisráð að skoða þurfi það sérstaklega. Þessir staðir eru:

Nýtt ruslaport: engin lýsing er til staðar.

Víkurbraut: Gistiheimilið Sólsetur stendur við Víkurbraut og skapar það óþægindi og hættu sér í lagi þegar óstaðkunnugt fólk er að keyra og eða ganga um götuna.

Tjarnarholt: sá hluti Tjarnaholtsins sem engin byggð er hefur aldrei verið upplýst, þetta getur skapað hættu.

Hjartastuðtæki: Á Raufarhöfn er aðeins til eitt tæki fyrir utan það sem er á vegum heilbrigðiskerfisins. Það tæki er staðsett í sundlauginni. Komi upp sú staða að einstaklingur fari í hjartastopp skipta fyrstu mínútur öllu máli, hjartastuðtæki eru í dag nokkuð einföld í notkun og getur notkun þeirra bjargað mannslífi. Hverfisráð óskar eftir því að keypt verði hjartastuðtæki í skólannt árið 2019 og í félagsheimilið 2020.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:00

G. Briem

JH

Lukasz Kozlowski

NANNA H. HÖSKULDSDÓTTIR